



# Bandalag íslenskra listamanna

*Federation of Icelandic artists*

Reykjavík 9. Maí. 2019

## **Efni: Umsögn um mál 800 - sviðslistalög**

Í heildina litið er löngu tímabært að endurnýja sviðslistalög og því er margt í þessum tillögum fagnaðarefni, sérstaklega staða Íslenska dansflokksins sem batnar til muna með þessum lögum. BÍL saknar að íslenska óperan skuli ekki fá viðlíka stöðu í þessum tillögum. BÍL vill gera nokkra athugasemdir við löggin sem helst lúta að stöðu og hlutverks Sviðslistaráðs, skipunartíma Þjóðleikhússtjóra, Sviðlistamiðstöð er auk nokkura orðalagsbreytinga.

## **II Kafli**

### **Þjóðleikhús**

2.gr. um hlutverk Þjóðleikhús stendur

*Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Í því skal iðka leiklist og aðrar sviðslistir. Þjóðleikhúsið skal glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og stuðla að þróun þeirra og nýsköpun. Leikhúsið skal efla íslenska leikritun og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna á íslensku.*

Betur færi á því að greinin raðaðist svona

*“Þjóðleikhúsið er eign íslensku þjóðarinnar. Í því skal iðka leiklist og aðrar sviðslistir. Þjóðleikhúsið stuðla að þróun sviðslista og nýsköpun, efla íslenska leikritun, glæða áhuga landsmanna á sviðslistum og vera til fyrirmyndar um listrænan flutning viðfangsefna á íslensku.”*

Með þessari röð greinarinnar raðast hlutverkið rökréttar með tilliti til listræns hlutverks Þjóðleikhússins.

#### 4.gr. Þjóðleikhússtjóri

Í þeirri grein sem fjallar um ráðningu þjóðleikhússtjóra er ekki kveðið á um takamarkaðan skipunar tíma, eingöngu að embættið skuli auglýst í lok hvers skipunartíma. Þarna er ósamræmi miða við skipun listdansstjóra þar sem ekki er heimilt að endurráða hann oftari en einu sinni. Listdansstjóri getur því setið að hámarki 10 ár í starfi. Eðlilegt er að svipað ákvæði sé um endurráðningu þjóðleikhússtjóra. Það tryggja eðlilega endurnýjun í listrænni stjórnun þjóðleikhússins. Faglegt og listrænt mat þjóðleikhússtjóra er kjarninn í verkefnavali og listrænum ákvörðunum sem og ráðningum listamanna. Því er eðlilegt að tímamörk séu á ráðningu þjóðleikhússtjóra. Því mætti bæta aftan við setninguna –

*Ráðherra skipar þjóðleikhússtjóra til fimm ára í senn að fenginni umsögn þjóðleikhúsráðs.*

Setningunni –

*“Endurnýja má skipun þjóðleikhússtjóra einu sinni til næstu fimm ára.”*

Það er sama ákvæði og um ráðningu listdansstjóra.

#### 5.gr. Þjóðleikhúsráð

Það er ástæða til að fagna því að meirihluti þjóðleikhúsráðs skuli skipaður af fagfélögum sviðslistafólks, þrír af fimm. Það er þó ekki skýrt hvernig þeir skuli skipaðir. Með meirihluta þjóðleikhúsráðs skipað fagfólki má vænta að það geti verið þjóðleikhússtjóra og listrænu samstarfsfólki hans dýrmætur vettvangur til samtals. Þó andi greinarinnar sé fremur eins og því sé ætlað eftirlitshlutverk.

### III. kafli

#### Íslenski dansflokkurinn

#### 9.gr. Hlutverk.

Það er ástæða til að fagna innkomu ÍD í lög um sviðslistir. Varðandi 9. gr. Hlutverk, leggur Bandalagið til að greininn verði endurráðað. Hún hljómar svona í lagatextanum.

*“Íslenski dansflokkurinn skal í starfsemi sinni glæða áhuga landsmanna á danslist og stuðla að þróun og nýsköpun. Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna dansverk og vera vettvangur fyrir framþróun danslistar á Íslandi.”*

*“Hlutverk Íslenska dansflokksins er að sýna dansverk og vera vettvangur fyrir framþróun danslistar á Íslandi. Íslenski dansflokkurinn skal í starfsemi sinni stuðla að þróun og nýsköpun og glæða áhuga landsmanna á danslist.”*

Þetta er sama athugasemd og við hlutverk Þjóðleikhússins, en með þessari röð greinarinnar raðast hlutverkið rökréttar eftir listrænu hlutverki Dansflokksins. Það er sérkennilegt að hafa það svo framalega í textanum um hlutverk að ”glæða áhuga” fiysta og mikilvægasta skilda þessara stofnana er listræn. Áhugin kemur í kjölfar vel unninar listsköpunar.

#### IV.kafli

#### Önnur Sviðslistastarfsemi

Í þessum kafla eru einna mestu breytingarnar á umhverfi Sviðslistanna og erfitt að átta sig á því hvað átt er við með auknu hlutverki Sviðslistaráðs. Það virðist vera til samræmingu við aðrar listgreianar t.d. myndlistaráð sem hefur sambærilegt hlutverk og birtist í þessum tillögum, en þá er til að taka að umhverfi sviðslista er með nokkuð öðrum hætti. Sviðslistaráð hefur haft það hlutverk eitt að úthluta úr sviðslistasjóði til verkefna og starfslaunasjóði sviðslistamanna. Með þessu hugmyndum er hlutverk sviðslistaráðs aukið í einhverskonar fagrað undir menningar- og menntamálaráðuneytinu, sem hlýtur að kalla á gagngera endurskoðun á rekstri, skipan og fjármögnun ráðsins. Það er líka vægast sagt umdeilt að fagrað með þessa stöðu sé jafnframt að úthluta öllu fjármagni til sjálfstæðrar leiklistarstarfsemi auk starfslauna. Bíl leggur því til að Sviðslistasambandinu verði falið þetta ráðgjafa og stefnumótunar hlutverk sem fram kemur í lið a í 16.gr. a

a. *veita umsögn um þau mál sem ráðherra vísar til þess,*

í Sviðslistasambandinu eru allar stofnanir og félög sem starfa að sviðslistum og þar er hin breiða þekking á málaflokknu. Það er því sjálfgefnin umsagnar aðili vegna málaflokksins.

Sviðslistaráð verði áfram með það eina hlutverk að úthluta úr sviðslistasjóði og í grein 16. Verði þetta eitt tilgreint sem hlutverk þess.

c. *gera tillögu til ráðherra um úthlutunarreglur sviðslistasjóðs, og*

d. *úthluta árlega styrkjum úr sviðslistasjóði.*

BÍL leggur til að liður b. í 16. gr. falli út

b. *gera tillögu til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sviðslistasjóðs til þriggja ára í senn.*

Þetta er umdeilt að nefndir gefi út listræna stefnu um hvað sé styrkt eða fjármagnað á einhverjum tímabilum. Listrænar ákvarðanir listamanna eru það eina sem hægt er að leggja til grundvallar og óeðlilegt að opinberir sjóðir skilyrði sjóðsúthlutanir. Eina leiðin er að tryggja fagmennsku í

útlutunarnefndum og að fagþekking ráði úthlutunum. Þetta er sérstaklega mikilvægt í þeim sjóðum sem fjármagna hina svokölluðu frjálsu leklistarstarfsemi.

17.gr.

Bandalagið leggur til að tvískipting sjóðsins í áhugamanna sjóð og sjóð til atvinnusarfsemi verði felld út. Bandalag leikfélaga hefur ákveðið fyrirkomulag á sínu styrkjakerfi sem lítur allt öðrum lögmálum en úthlutun til atvinnusarfseminnar. Enda um fálagsstarf að ræða og eðlilegt að félagasamtök fái að ráðstafa sínu fjármagni án aðkomu og afskipta fagnefndar atvinnufólks.

BÍL leggur til að þessi málsgrein í 17 gr. falli út:

*“Sviðslistaráð gerir tillögur til ráðherra um stefnu og helstu áherslur í starfi sjóðsins til þriggja ára.”*

Þetta er endurtekning úr 16.gr. Sviðslistaráð getur ekki gefið út listræna stefnu um forgang ákveðinna úthlutana þar sem þær byggja á því sem brennur á listamönnum hverju sinni og listrænu samhengi umsókna og starfsferlis einstaklinga og hópa.

18.gr.

Kynningarmiðstöð sviðslista

Kveða þarf fastar að í þessari grein og t.d. *“Ráðherra ber að fela þar til bærum.....”*

Enda dregist úr hófi að stofna kynningarmiðstöð sviðslista og því þarf að einhenda sér í það strax.

19.gr.

Óperustarfsemi

Það hefði verið bragur að því að styrkja stöði íslensku óperunnar í þessum Sviðslistalögum sem Þjóðaróperu. Enda löngu tímabært.

Virðingarfyllt

Erling Jóhannesson

Forseti Bandalags íslenskra listamanna.

